

BORGARRÁÐ 27. júní 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skipulagðar ferðir frá íbúakjörnum eldri borgara og félagsmiðstöðvum á söfn og aðra viðburði - R19060227

Flokkur fólksins leggur til að settar verða á laggirnar skipulagðar, reglulegar ferðir frá íbúakjörnum eldri borgara og félagsmiðstöðvum á ýmis söfn og aðra viðburði. Margir eldri borgarar hafa löngun til að sækja sýningar og viðburði en treysta sér ekki til að komast á staðinn eða hafa engan til að fara með. Auk þess er vetrarfærð misjöfn og getur hæglega komið í veg fyrir að fólk treysti sér út úr húsi.

Greinargerð

Finna þarf góða leið til að auglýsa viðburði, til að ná sem flestum í bíl sem áhuga hafa á að sjá sýningu eða fara á viðburð. Margir eldri borgarar hafa einangrast og mikla fyrir sér að taka sér ferð á hendur til að sækja söfn eins og Listasafn Reykjavíkur eða Borgarsögusafnið. Ekki liggja fyrir tölur, hversu margir af þeim, sem sækja ofangreind söfn sem dæmi, eru eldri en 67 ára. Þess vegna er afar mikilvægt, að bjóða eldri borgurum upp á skipulagðar ferðir, á sýningar/viðburði og að það verði gert með reglubundnum hætti, þannig að hægt verði að treysta á, að farið verði örugglega. Ákveðinn hópur eldri borgara eru einamana og einangraðir en myndu svo gjarnan vilja vera félagslega virkari. Með öruggri akstursþjónustu á sýningar og viðburði er hægt að tryggja að fleiri eldri borgarar njóti félagsskapar og skemmtunar á því sem borgin hefur upp á að bjóða.